

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Rangárvalla.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 7. apríl 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Rangárvelli.

Breytingin felur í sér að afmarkað er lagnabelti fyrir flutningslínur raforku í stað nákvæmrar legu hveðrar línu, lóð nr. 1 er stækkuð til vesturs í samræmi við heimild í gildandi skipulagi, nýir byggingarreitir eru afmarkaðir á lóð nr. 1 fyrir tengivirki, hámarkshæð mannvirkja á lóð nr. 1 verður 15 m í stað 6,6 m, sett er inn tákn/afmörkun spennna og lagnabelti þvert yfir endurnýtingarsvæði og Liljulund er felld út.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. maí 2020,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2020